

## Mál nr. 14

### Víðir/Reynir gegn Leiknir R.

#### Dómkröfur

Að Víðir/Reynir verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

#### Málavextir

Leiknir R. notaði ólöglegan leikmann í 4.fl. kvk. 7. A-riðli laugardaginn 16. ágúst. Marta Hrönn Magnúsdóttir kt: 270296-3009 spilaði í liði Leikni R í umræddum leik. En er skráð í Keflavík.

#### Tilvísun

Um ólöglega skipað lið ræðir í 40. gr. reglugerða KSÍ um knattspyrnumót. Þar segir í grein. 40.1

“Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara og forystumann í leikbanni, telst hafa tapð leiknum með markatöflunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða (...)”

Með hliðsjón af fyrrgreindari lagagrein er ljóst að lið Leiknir R. Var ólöglega skipað þegar það tefldi fram leikmanni sem skráður er í annað félag.

#### Röksemdir

Leikmaðurinn er skráður í Keflavík.

#### Sönnunargögn

7 mamma leikskýrsla er hjá félaginu sem er skilað í lok tímabils. Einnig eru mörg vitni. Þjálfari Leiknis viðurkenndi að hún væri skráð í Keflavík.

#### Vitni

Nafn: Harpa Lind Magnúsdóttir (dómari leiksins)

Kennitala: 071279-4219

Heimilisfang: Vörðurbraut 8

Virðingarfyllst,  
Þuríður Sif Ævarsdóttir

#### Greinargerð Leiknis R.

##### Kröfugerð:

Úrslit leiks skulu standa. Leiknir 3-2 Víðir/Reynir.

##### Lýsing helstu málavaxta:

Lið Leiknis í 4.flokki kvenna lék gegn heimastúlkum sem greinilega eru höfðingjar heim að sækja. Leikið var í 4.flokki kvenna 7.mannabolta. Leiknisstúlkur voru einungis 7 mættar til

leiks af mörgum ástæðum. Einn leikmaður liðsins sem er 5.flokks stúlkna og var að leika upp fyrir sig, spurði hvort vinkona hennar mætti koma og spila. Þjálfarinn sagðist sennilega ekki getað leyft henni að spila en hún mætti koma með ef e-h kæmi uppá. Umrædd stúlka er í 5.FLOKKI KVENNA. Nafn hennar er Marta Hrönn Magnúsdóttir kt: 270296-3009. Hún er skráð leikmaður Keflavíkur og leikur þar með 5.flokki kvenna. Telpa fékk svo að leika í nokkrar mínútur í umræddum leik þegar ein stúlkna í liði Leiknis meiddi sig. Enda erum við hér að ræða um frekar ungar stelpur sem mættar voru til að hafa gaman að því að LEIKA sér í knattspyrnu. En nei Víðir/Reynir vildi heldur hafa Leiknisstelpur 6 inná, því þetta snýst jú allt um að vinna- hjá foreldrum og forráðamönnum.

### **Rök knattspyrnudeildar Leiknis:**

Ljóst má vera að lið leiknis var strang tiltekið ólöglega skipað. En hérna var umræddur leikmaður í 5.flokki að leika í 4.flokki kvenna og þess utan notuð í neyð. Umræddur leikmaður hafði lítil sem engin áhrif á lokatölur í leiknum og það er ómumdeilanlegt. Einnig var Víðisfólki það fulljóst þegar leikar hófust, að stelpa væri ekki Leiknisstúlka og hlakkaði sennilega í þeim enda sigur eina takmark iðkunnar íþróttá hjá þeirra stelpum. Hvort heldur sem er á velli eða bara fyrir dómstólum. Andskoti er menn nú aumur að nenna að leggja það á sig að kæra heiðarlegan knattspyrnuleik bara til þess eins að sigra. Þeir fáu sigrar sem þetta fólk hefur í lífinu öllu unnið(ekki á knattspyrnuvelli), setur sennilega mark á það og því á að láta það bitna á börnum sem gerðu ekkert af sér annað en að keyra í bæjarfélagið Gardinn til að leika sér með bolta. Hefði ég skilið kærana ef umrædd stelpa hefði verið á allt annan kaliber og það haft verulegar afleiðingar á gang leiksins. En svo var ekki heldur hitt, hún er í raun að leika á öðru stigi, stigi neðar. Og að kæra leik vegna þess að 12 ára barn fær að reima á sig takkaskónna er svo aumur að það er erfitt að lýsa því. Það er sennilega ekki til meiri lúaháttur og minni manndómur heldur en að kæra lið, stelpur á aldrinum 12-14 ára, fyrir að mæta ekki með lið eftir laganna bókstaf. Auðvitað ber að fara að lögum en hér er um að ræða 12 barn sem fékk að sprikla í nokkrar mínútur og var engan veginn að skemma leikinn, heldur freka gera hann að meiri- því ein Leiknisstúlkna var meidd. Fullorðið fólk sem stendur fyrir því að kæra þennan leik ætti að sjá sóma sinn í því að eyða tíma sínum í e-h annað en eyðileggja knattspyrnumót fyrir smá stelpum. Já aumur er mannhjartað en sennilega hvergi eins aumur og þaðan sem þessi kæra er undan rifjum runnin. Fótboltin er jú fyrir börnin en ekki foreldra sem mættir eru með öngvan skilning á íþróttinni og mæta í hefndarhug og kæra. Knattspyrnan fer framm á velli og úrslit leikja skulu ráðast þar, en ekki meðal foreldra sem una tapi barna sinna illa.

En hverju sem þessari ömurlegu kæru líður, þá felur hún einnig í sér formgalla og því á samkvæmt laganna bókstaf að vísa henni frá. En þegar skoðuð eru aðildarfélag KSÍ er hvergi hægt að finna Víðir/Reynir og kennitalan sem sett er við kærana, passar ekki við þetta félag. Spyr þá sá sem ekki veit, er til e-h plagg þar sem samningur þessara félaga fyrir því að senda sameiginlegt lið til keppni keppnistímabilið 2008 er undirritaður? En altént getur ekki þétur eða páll kært úrslit leikja og þar sem Víðir/ Reynir er ekki samþykkt aðildarfélag geta þeir varla kært.

Í annan stað er Leiknir R kært en samkvæmt mínum helstu kortabókum ber mitt ástkæra félag nafnið Íþróttafélagið Leiknir og hefur kennitöluna 690476-0299, það er ekki kært. En einnig hefði verið hægt að kæra Leiknir Reykjavík, knattspyrnudeild. Hvorugt er gert í þessu tilviki og því ekki hægt að sjá hvern er í raun verið að kæra. Leiknir R er kært og þar við situr. Og til að rugla enn meira með hver er kærður er augljóslega verið að kæra félag staðsett í Ausutrbergi 1 en Íþróttafélagið Leiknir hefur haft höfuðstöðvar sínar í austurbergi 1 um langa hríð.

**Tilvísun til laga:**

Máli Leiknis Reykjavíkur, knattspyrnudeildar til stuðnings vísun við í 2.mg 7.2 grein laga um reglugerð KSI um aga og úrskurðarmál.

7.2 Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- 7.2.1 Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang
- 7.2.2 Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang
- 7.2.3 Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum
- 7.2.4 Skýr kröfugerð
- 7.2.5 Lýsing helstu málavaxta
- 7.2.6 Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu
- 7.2.7 Lýsing á helstu röksemdum
- 7.2.8 Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru
- 7.2.9 Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku

Þar sem nafn kæranda og kennitala fara ekki saman þá geta þeir varla kært og þar sem nafn Leiknis Reykjavíkur er vitlaust í kærinni hlýtur henni að vera vísað frá sökum formgalla. Einnig er heimilisfang kærða mjög á reiki og því hlýtur maður að spyrja sig hvern er verið að kæra?

**Sönnunargögn**

afrit af kæru þeirri sem okkur var sent. Sem er líka svona glimrandi vitlaus, bæði formlega sem og kærumálið sem er barnalegt.

**Vitni:**

Ekkert.

**Virðingarfyllst,  
Þórður Einarsson**

**Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.**

Ár 2008, þriðjudaginn 26. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssoni, Þresti Ríkharðssyni og Gunnari Guðmundssyni

**Fyrir er tekið málið nr. 14/2008:**

Knattspyrnufélagið Víðir / Knattspyrnufélagið Reynir  
gegn  
Íþróttafélaginu Leikni, knattspyrnudeild Reykjavík

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

## I.

### **Kærandi:**

Knattspyrnufélagið Víðir /KnattspyrnufélagiðReynir  
Vallarhúsi , Garði

### **Kærði:**

Íþróttafélagið Leiknir Reykjavík, knattspyrnudeild.  
Austurbergi 1, Reykjavík

Mál þetta er móttækið af skrifstofu KSÍ 21. ágúst sl. með símbréfi. Dómari ákvað að málið fengi flýtimeðferð og var kærða gefinn kostur á skila andsvörum og barst svar kærða skrifstofu KSÍ þann 25.ágúst s.l.

### **Kröfur:**

Kærandi gerir þær dómkröfur að hið kærða félag Víðir/Reynir verði dæmt 3-0 sigur í leik 7 manna liða í 4.fl. kvenna. í Íslandsmóti A-riðils sem fram fór laugardaginn 16. ágúst s.l.

Hið kærða félag krefst þess að úrslit áðurnefnds leiks málsaðila standi óhögguð.

## II.

### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum á þann veg að í umræddum leik hafi hið kærða félag notað ólöglegan leikmann Mörtu Hrönn Magnúsdóttur kt: 270296-3009, en hún lék í liði Leiknis Reykjavík í framangreindum leik. Samkvæmt iðkendaskrá KSÍ er hún skráð í Keflavík.

## III

Hið kærða félag lagði fram greinargerð og gerði m.a. eftirfarandi athugasemdir við framangreinda kæru:

"Ljóst má vera að lið leiknis var strang tiltekið ólöglega skipað. En hérna var umræddur leikmaður í 5.flokki að leika í 4.flokki kvenna og þess utan notuð í neyð. Umræddur leikmaður hafði lítil sem engin áhrif á lokatölur í leiknum og það er ómumdeilanlegt. Einnig var Víðisfólki það fulljóst þegar leikar hófust, að stelpa væri ekki Leiknisstúlka og hlakkaði sennilega í þeim enda sigur eina takmark iðkunnar íþróttá hjá þeirra stelpum. Hvort heldur sem er á velli eða bara fyrir dómstólum." Síðar segi m.a.:" En hverju sem þessari ömurlegu kæru líður, þá felur hún einnig í sér formgalla og því á samkvæmt laganna bókstaf að vísa henni frá. En þegar skoðuð eru aðildarfélag KSÍ er hvergi hægt að finna Víðir/Reynir og kennitalan sem sett er við kærana, passar ekki við þetta félag."Að lokum segir m.a. í greinargerð hins kærða félags:"Í annan stað er Leiknir R kært en samkvæmt mínum helstu kortabókum ber mitt ástkæra félag nafnið Íþróttafélagið Leiknir og hefur kennitöluna 690476-0299, það er ekki kært. En einnig hefði verið hægt að kæra Leiknir Reykjavík, knattspyrnudeild. Hvorugt er gert í þessu tilviki og því ekki hægt að sjá hvern er í raun verið að kæra. Leiknir R er kært og þar við situr. Og til að rugla enn meira með hver er kærður er

augljóslega verið að kæra félag staðsett í Ausutrbergi 1 en Íþróttafélagið Leiknir hefur haft höfuðstöðvar sínar í austurbergi 1 um langa hríð"

#### IV.

##### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins þann 16 ágúst s.l. gegn Víði/Reyni í Íslandmóti í 4. flokki kvenna, í keppni 7 manna liða. Í grein 35.2.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kemur fram að leikreglur í keppni 7 manna liða í 4.flokki kvenna skulu fylgja knattspyrnu-lögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.

Óumdeilt er í málinu að leikmaðurinn Marta Hrönn Magnúsdóttir var skráður leikmaður í Keflavík þegar hún lék með liði kærða áður nefndan dag. Jafnframt viðurkennir hið kærða félag í greinargerð sinni að lið þess hafi verið "strangt tiltekið ólöglega skipað".

Ekki verður séð að málatilbúnaður kæranda, sem ekki er gallalaus, geti hnekkt þeirri niðurstöðu að viðkomandi leikmaður var ekki gjaldgengur til að leika með liði kærða í áður nefndum leik og var lið kærða því ólöglega skipað. Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leika málsaðila á þann veg að kæranda, Víði/Reyni, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna. Þess ber að geta að forræði málsins er réttilega samkvæmt grein 14.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót í höndum kæranda, en þar er tveimur félögum eða fleiri veitt heimild að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum.

Skylt er samkvæmt grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

#### V.

##### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Víðis/Reynis Íþróttafélagsins Leiknis í keppni 7 manna liða í 4. fl. kvenna. í Íslandsmóti A-riðils sem fram fór laugardaginn 16. ágúst s.l. er breytt og Víði/Reyni dæmdur 0-3 sigur í leiknum. Kærði, Íþróttafélagið Leiknir, knattspyrnudeild greiði kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

---

Gunnar Guðmundsson

---

Halldór Frímansson

---

Pröstur Ríkharðsson

##### **Um áfrýjun:**

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.